

## Stjórnarfundur FORMA nr. 1 2009 – 2010

Staður: Gamli skóli

Dags: 8. okt. 2009, fimmtudagur

Tími: kl. 17:00

Mættir: Herdís Zóphóníasdóttir fulltrúi MA, Þórleifur Björnsson, Sigfús Karlsson, Anna Richardsdóttir og Elín E. Magnúsdóttir.

Fjarv.: Jóhann Rúnar Karlsson, Hrefna Laufey Ingólfssdóttir og Jónína Sveinbjörnsdóttir.

### 1. Fundarsetning

Þórleifur setti fund og stjórnaði honum.

### 2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð var borin upp og samþykkt.

### 3. Skipan stjórnar

Jónína og Sigfús munu ganga úr stjórn. Aðrir stjórnarmenn og konur eru tilbúin að sitja áfram.

### 4. Foreldrakynning í MA og aðalfundur FORMA

Rætt hefur verið um að aðalfundur FORMA verði fyrir í dagskránni heldur en í fyrra eða fyrir kaffihlé. Þórleifur mun í skýrslu stjórnar fjalla um helstu mál sem tekin hafa verið fyrir á árinu. Farið var yfir lög félagsins. Ljóst er að stjórnin hefur ekki staðið sig í því að koma fundargerðum sínum á framfæri og þarf að bæta úr því. Herdís ætlar að athuga með það að FORMA fái tengil á heimasíðu MA.

### 5. Niðurskurður á fjárlögum

Þórleifur sat síðasta fund skólanefndar þar sem farið var yfir rekstarstöðu MA og hvernig skólinn hyggst mæta minna fjárframlagi ríkisins til skólans vegna efnahagsástandsins. Segja má að úrræði skólans snúi fyrst og fremst að eignakaupalið í stað þess að láta sparnaðinn bitna beint á þjónustu við nemendur.

### 6. Starfið framundan

Ákveðið að ræða það á næsta fundi þegar ný stjórn hefur komið saman.

### 7. Önnur mál

**A.** Þjónusta við nemendur sem þurfa sérstakan stuðning í námi. Sigfúsi hafði verið falið að leggja spurningu um þetta mál fyrir stjórnendur skólans. Svar skólameistara hljómaði mjög svipað og Herdís hafði gefið áður á stjórnarfundum FORMA. Skólinn gerir allt sem í hans valdi stendur til þess að koma til móts við þarfir nemenda sinna. Túlka má orð skólameistara þannig að nemendur hafi þurft að sýna fram á ákveðna námsfærni til þess að fá skólavist í MA.

**B.** Partýhöld busa og böðla. Svo virðist sem sami gangur sé á þessum umræddu partýum. Rætt um að senda bréf til aðila sem leigja sali. Einnig rætt um að hitta stjórn skólafélagsins og það oft en einu sinni yfir skólaárið.

- C. Fíkniefnahundurinn. Stjórnarfélagi þykir sjálfsagt að fíkniefnahundur fari um skólahúsnæðið. Spurning hvort löglegt sé að hundurinn fari á heimavistina sem sé í raun heimili nemenda.
8. Ekki var ákveðin tímasetning næsta stjórnarfundar en minnt á aðalfundinn sem verður 17. okt. kl. 14:00.
9. Fundi slitið kl. 18:15.

Elín E. Magnúsd.